

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Tilvisun: 2009030080

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um aðra breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. mars 2009,
um ráðstöfun eigna og skulda
Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.).

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram) var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrilliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. fellt hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 5. apríl 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka yfirfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem væri tímafrekara en ætlað var. Mikilvægt væri að vel tækist til og eðlilegt samráð væri haft við hlutaðeigandi aðila. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirfærslu eigna og útgáfu skulda- og tryggingarskjala.

Fjármálaeftirlitið telur nú að ástæða sé til að taka upp fyrri ákvörðun í ljósi nýrra upplýsinga og breyttra forsendna sem fram hafa komið í málefnum SPRON hf undanfarna daga. Á grundvelli framangreinds telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að gera eftirfarandi breytingar á fyrri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

ÁKVÖRÐUN:

1. Við 4. tl. fyrri ákvörðunar bætast þrír nýir málsliðir: Ef ágreiningur er með aðilum sker Fjármálaeftirlitið úr. Skilanefnd SPRON hf. er óheimilt að ráðstafa eignum SPRON hf., nema með samþykki Fjármálaeftirlitsins, fram að útgáfu skulda- og tryggingarskjala skv. 2. ml. 7. tl. en eftir það tímamark skal ráðstöfun eigna SPRON hf. vera í samræmi við skilmála umræddra skjala. Útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal háð endanlegu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

2. Við 6. tl. fyrri ákvörðunar bætist nýr málslíður: Skilaneft SPRON er jafnframt falið að gera umsýslusamning um þjónustu á lánaeignum við Nýja Kaupþing banka hf.

Önnur ákvæði fyrri ákvörðunar í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

17. apríl 2009



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason
Forstjóri